

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
postur@anr.is
Sent í Samráðsgátt

26. mars 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um opinberan stuðning til fjárfestinga í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum

Samtök sprotafyrirtækja (SSP) taka til umsagnar frumvarp til laga um opinberan stuðning til fjárfestinga í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum en með frumvarpinu er settur á fót sjóðurinn Kría – Markáætlun. SSP fagnar lagafrumvarpinu og telja samtökin að Kría - Markáætlun muni auðvelda fjármögnun sprotafyrirtækja á vaxtarstigi og þar með auka líkur á að þau nái árangri.

Félagsmenn SSP búa yfir yfirgripsmikilli þekkingu, reynslu og skilningi á rekstri og fjármögnun sprotafyrirtækja á Íslandi. Samtökin bjóða fram aðstoð sína við nánari útfærslu Kríu og hvetja stjórnvöld til þess að hafa náið samráð við samtökin í framtíðinni til þess að tryggja að sjónarhorn og hagsmunir sprotafyrirtækja verði hafðir til hliðsjónar.

SSP telur rétt að undirstrika það að Kría er kærkomin viðbót við fjármögnunarumhverfi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja á Íslandi en mikilvægt sé þó að Kría komi ekki í stað þeirra úrræða sem nú þegar eru til staðar, til að mynda Nýsköpunarsjóð Atvinnulífsins (NSA) og sjóði Rannís.

Þau tvö dæmi sem tekin eru í greinagerð frumvarpsins frá alþjóðlegum vettvangi, Danski Vækstfonden og Finnski Tesi sjóðurinn gegna fjölbreyttu hlutverki, til dæmis um beina fjármögnun sprotafyrirtækja, lán og styrki og er sjóða-sjóða hlutinn aðeins einn partur af þeirri starfsemi. Hafa ber í huga að:

- Fjölbreytt frumkvöðla- og nýsköpunarumhverfi stuðlar að heilbrigðara og sterkara atvinnulífi.
- Mikilvægt er að fjármögnunarvettvangur sé til staðar á mismunandi þroskastigum fyrirtækja.
- Mikilvægt er að fjármögnunarvettvangur sé til staðar fyrir mismunandi geira sprotasamfélagsins, t.d. í líftækni, lyfjaiðnaði, hugbúnaðargerð, vélbúnaðargeira, hönnun, matvælagæira, orkugeira, menningu, o.s.fv.

SSP vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum í tengslum við frumvarpið:

i. Framlög ríkisins til Kríu - Markáætlunar mega ekki koma niður á framlögum til Tækniþróunarsjóðs þar sem hlutverk þessara tveggja sjóða er gjörólíkt. Þvert á móti gæti efling Tækniþróunarsjóðs aukið fjárfestingatækifæri vísisjóða á Íslandi.

Rökstuðningur:

Þótt Kría - Markáætlun geri ráð fyrir að fjárfest sé í sprotafyrirtækjum, þá er það staðreynd að vísisjóðir fjárfesta almennt í fyrirtækjum sem eru lengra komin, til dæmis þegar sést fyrir enda

á þróun, rannsóknum er lokið og niðurstöður liggja fyrir og/eða þegar búið er að sýna fram á að markaður sé fyrir vöru eða þjónustu sprotafyrirtækisins.

Í raun má líta á það sem svo að Tækniþróunarsjóður búi til fjárfestingatækifæri fyrir sjóði sem Kría setur fjármagn í. Tækniþróunarsjóður styrkir þróunar- og rannsóknaverkefni á þeim stigum sem henta ekki fyrir vísisjóði. Frumkvöðlar þurfa að hafa svigrúm til að sinna rannsókn- og þróunarstarfi þar til verkefni eru komin á þann stað að þau séu orðin áhugaverð fyrir englafjárfesta og síðar vísisjóði og gerir Tækniþróunarsjóður þeim það kleift með frábærum árangri.

ii. SSP leggur til að sprotafyrirtæki verði vel skilgreint og að tryggt verði að fjármagn renni til nýsköpunar á sprotastigi.

Rökstuðningur:

Þar sem Kría - Markáætlun er ætlað að styrkja „nýsköpun á sprotastigi og fyrstu stigum vaxtar“ á Íslandi, það er nýsköpunarfyrirtæki sem ekki eru orðin stórfyrirtæki, er mikilvægt að tryggja að nýfjárfestingarnar renni þangað. Mikilvægt er að hafa hugtakið sprotafyrirtæki vel skilgreint þegar kemur að starfi Kríu.

Til dæmis er hægt að miða við núverandi skilgreiningu SI á sprotafyrirtæki:

Sprotafyrirtæki eru sprotin upp úr rannsókn- eða þróunarverkefnum einstaklinga, þróunarhópa, háskóla, rannsóknastofnana eða annarra fyrirtækja og byggjast á sérhæfðri þekkingu, tækni eða öðru nýnæmi. Gengið er út frá því viðmiði að árlegur þróunarkostnaður sprotafyrirtækja sé að jafnaði yfir 10% af veltu. Fyrirtæki hættir að teljast sprotafyrirtæki þegar það hefur verið skráð í kauphöll sem öflugt tæknifyrirtæki eða náð árlægri veltu sem nemur einum milljarði íslenskra króna.

iii. SSP leggur til að stjórn sjóðsins fundi oftari en einu sinni á ári til að auka samfellu í stofnun VC sjóða.

Rökstuðningur:

Um hlutverk sjóðsins er ritað: „að jafnaði skal stjórn taka ákvarðanir um fjárfestingu í sérhæfðum sjóðum einu sinni á ári.“ SSP telur að þetta ákvæði geti valdið því að það verði ekki næg samfella í stofnun VC sjóða á Íslandi. SSP leggur til að ákvarðanir verði teknar oftari, að minnsta kosti ársfjórðungslega.

iv. SSP leggur til að horfið verði frá þeirri kröfu að sjóður hafi safnað 4 milljörðum og að þetta viðmið verði lækkað.

Í greinagerð með frumvarpinu kemur fram að lagt sé til að í reglugerð verði gerð sú krafa að nýir sérhæfðir sjóðir hafi safnað skuldbindingum frá fjárfestum fyrir að lágmarki 4 milljarða ISK. Þetta sé „svo að sjóðurinn sé ekki vanmáttugur“. SSP leggur til að þetta viðmið verði afnumið eða lækkað niður í 1 milljarð að lágmarki. SSP telur að í raun sé óþarft að binda hendur stjórnar í þessum efnunum. Sjóður þarf að vera nokkuð öflugur til þess að geta fylgt eftir fjárfestingum en það hefur þó sýnt sig að minni sjóðir eru öflugir á ákveðnu þroskastigi fyrirtækja. Mikil þörf er á fjármagni á fyrstu stigum og þarf það fjármagn ekki endilega alltaf að vera mikið. Stærri sjóðir væru líklegri til að fara inn í fyrirtæki sem eru komin lengra í þroskaferlinu. Þá telur SSP að

með því að hafa viðmiðið lægra skapist forsendur til þess að komið verði á fót fleiri sjóðum hér á landi en það myndi stuðla að aukinni samkeppni og fjölbreytni í fjárfestingarumhverfinu.

v. SSP leggur til að gerð verði sú krafa til sjóðanna sem Kría fjárfestir í að þeir fjárfesti í fyrirtækjum með staðfestu á Íslandi fyrir þá upphæð sem nemur framlagi Kríu.

Rökstuðningur:

SSP þykir eðlilegt að þar sem Kría er í eigu íslenska ríkisins og takmark sjóðsins er að „stuðla sem best að vexti hugvitsdrifinni nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi á Íslandi“ [úr greinagerð], að gerð sé krafa um að sjóðirnir sem Kría fjárfestir í, fjárfesti að hluta í íslenskum sprotafyrirtækjum að upphæð sem er að lágmarki í hlutfalli við framlag Kríu.

SSP er sammála þeirri útfærslu í frumvarpinu að Kría styrki sjóði sem hafa staðfestu á Íslandi.

vi. SSP leggur til að í stað þess að ráðherra skipi alla fulltrúa án tilnefningar að ráðherra skipi einn fulltrúa og að hinar tilnefningarnar komi úr umhverfi sprotta- og nýsköpunarsamfélagsins.

Rökstuðningur:

Til að fá breiða samstöðu um sjóðinn og auka líkur á faglegri skipan hans mælir SSP með að tilnefnt verði í sjóðinn af fagaðilum í stað þess að ráðherra skipi í hann án tilnefninga. SSP mælir með að auk ráðherra verði hagsmunasamtök höfð í ráðum með tilnefningar til sjóðsins og leggur SSP til að samtökin verði þar á meðal.

vii. SSP leggur til að ekki sé gerð krafa um að sjóðirnir hafi að minnsta kosti einn erlendan hluthafa.

Rökstuðningur:

Í greinagerð stendur: „Í ljósi mikilvægis þess að íslenskt umhverfi nýsköpunarfjárfestinga þroskist í samræmi við það sem tíðkast á alþjóðlegum mörkuðum, mikilvægi þekkingar og alþjóðlegs tengslanets verður gerð krafa um að hinir íslensku sjóðir hafi að minnsta kosti einn erlendan aðila meðal hluthafa. Þessari kröfu er ætlað að tryggja að sjóðirnir þurfi að öðlast tiltrú á breiðari grundvelli en gagnvart hinu smáa og einsleita fjárfestingarumhverfi á Íslandi.“

SSP finnst hugsunin góð en efast um að einn erlendur aðili í eigendahópnum muni skipta máli til að öðlast tiltrú á breiðari grundvelli. SSP telur að þessi krafa gæti orðið flöskuháls í stofnun nýrra sjóða.

viii. SSP leggur til að komið verði í veg fyrir lög þóknana vegna þjónustu við sjóðinn. SSP leggur til að fagleg umsýsla sjóðsins verði hjá NSA.

Rökstuðningur:

Þekkt er að sjóðasjóðir skila litlum hagnaði vegna margra laga þóknana. Með því að úthýsa umsýslu sjóðsins til þriðja aðila lítur út fyrir að það verði að minnsta kosti tvö lög þóknana. Hagnaður Kríu ætti að fara aftur inn í fjárfestingar í sprottaumhverfinu, en hann gæti auðveldlega horfið í mörg lög þóknana vegna þjónustu við sjóðinn. SSP leggur til að tryggt verði að kostnaður vegna faglegrar umsýslu sjóðsins verði lágmarkaður með því að nota

trausta aðila sem fyrir eru á markaði. Til dæmis gæti NSA verið mögulegur faglegur umsýsluaðili.

ix. SSP leggur til að ekki sé settur tímarammi á fjárfestingar Kríu heldur sé meiri áhersla lögð á að Kría hámarki hagnað til að auka fjárfestingar í sérhæfðum sjóðum sem fjárfesta í sprottaumhverfinu og skekkja ekki samkeppnisstöðu annarra sjóða.

Rökstuðningur:

Í greinagerð stendur: „er gert ráð fyrir að öðrum fjárfestum í sérhæfða sjóðnum bjóðist að kaupa hlut Kríu á fyrirfram ákveðnum kjörum að ákveðnum tíma liðnum, þegar frumfjárfestingartímabili sjóðsins er lokið, að jafnaði þegar líftími sérhæfða sjóðsins er hálfnaður. Þegar hlutur Kríu er seldur gengur fjármagnið aftur til sjóðsins og getur nýst til stofnunar nýrra sérhæfðra sjóða sem fjárfesta í sprotta- og nýsköpunarfyrirtækjum.“

SSP telur æskilegt að fjármagn renni hratt aftur til fjárfestinga í nýsköpun, en telur að betra sé að stefna að því að hámarka ávöxtun. Þegar til lengri tíma er litið skilar það meiri fjárfestingu í sprottaumhverfinu, enda er verið að móta þennan sjóð með langtímahugsun í huga. Einnig getur þetta ákvæði haft neikvæð áhrif á stofnun sjóða sem ekki fá fjármögnun frá Kríu og þannig torvelað stofnun og fjármögnun þeirra sjóða.

x. SSP leggur til að fyrirkomulag Kríu verði með þeim hætti að sjóðurinn gefi út loforð um fjármögnun, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, sem síðan virki hvetjandi á stofnun nýrra sjóða í stað þess að Kría taki umsókn fyrst fyrir þegar sérhæfður sjóður er fullfjármagnaður.

Rökstuðningur:

Með núverandi sniði virkar fjárfesting Kríu í sérhæfðum sjóði ekki sem hvati til fjárfestinga í sérhæfðum sjóði, heldur eflir einungis sjóði sem hafa fjármagnað sig. Enn frekar skekkir fjárfesting Kríu í sérhæfðum sjóði samkeppnisstöðu annarra einstaklinga sem eru að safna í sérhæfðan sjóð. SSP telur að betra væri að gefin væru loforð sem hvetja til sjóðamyndunar.

SSP vill gjarnan koma með tillögur að útfærslu slíks kerfis og má meðal annars taka mið af fyrirkomulagi úthlutunar einkaleyfastyrkja Rannís sem eru opnir allt árið og gefa loforð um styrk sem er greiddur út við framvísun fullnaðarskjala.

xi. SSP leggur til að ráðstöfunarfé Kríu verði dreift þannig að ekki sé fjárfest meiru en ákveðnu hlutfalli af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins í einum sérhæfðum sjóði.

Rökstuðningur:

Til að hvetja til myndunar fleiri og þar með fjölbreyttari sérhæfðra sjóða og jafna samkeppnisstöðu nýrra sjóða, leggur SSP til að árlegu ráðstöfunarfé Kríu sé úthlutað á fjölbreytta sjóði yfir árið en ekki á einu bretti í einum einstakan sjóð. Það samræmist líka tillögu SSP um tíðari úthlutun sjóðsins, sjá lið iii hér að ofan.

xii. Ekki er fyllilega ljóst hver þau skilyrði séu sem sérhæfðir sjóðir eiga að uppfylla og vísað er til í frumvarpinu og greinagerð. SSP leggur til að það verði skýrt og aðgengilegt, einnig að opið verði á fjölbreytt sjóðafyrirkomulag.

Rökstuðningur

Til að tryggja jafnræði og gagnsæi er mikilvægt að skilyrði fyrir fjármögnun Kríu séu skýr og aðgengileg umsækjendum í reglugerð. SSP telur að stjórn Kríu verði fær um að meta umsóknir og þarf að vera opin fyrir margskonar sjóðafyrirkomulagi. Minni sjóðir þurfa minni yfirbyggingu sem er erfitt í fjárfestingasjóðaforminu. Því telur SSP mikilvægt að ekki einungis fjárfestingasjóðir eigi möguleika á fjármögnun Kríu heldur að opið sé fyrir margskonar félag- og rekstrarformi þar sem hröð þróun er í fjármála- og fjármögnunargeiranum og er mikilvægt að þessi lög séu ekki takmarkandi á þróun nýrra fjármögnunarskipana sem gætu haft minni rekstrarkostnað og meiri þátttöku einstaklinga eins og markmið laganna er.

SSP þakkar kærlega fyrir þá vinnu sem lögð hefur verið í útfærslu á Kríu - Markáætlun.

Virðingarfyllt,
Fyrir hönd Samtaka sprotafyrirtækja (SSP)



Íris Ólafsdóttir, formaður